

- 14
1. febr.
4. Johnsen, Didrik, sjómaður á Ísafirði, fæddur í Noregi.
 5. Kristján Halldórsson Torfason, námsmaður á Flateyri, fæddur í Danmörku.
 6. Nygaard, Annanias Peter Andreasen, vélasmiður í Reykjavík, fæddur í Noregi.
 7. Ommundsson, Ole, verkamaður á Skagaströnd, fæddur í Noregi.
 8. Petersen, Bernhard, kaupmaður í Reykjavík, fæddur í Noregi.
 9. Randrup, Emil Vilhelm, lifrarbræðslumaður í Hafnarfirði, fæddur í Danmörku.
 10. Schneider, Anton, sápugetarmaður í Reykjavík, fæddur í Þýzkalandi.
 11. Schröder, Johan, garðyrkjumaður í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
 12. Simson, Jens Kristian Martinus Pedersen, myndasmiður á Ísafirði, fæddur í Danmörku.
 13. Smith, Sverri Christiansen, loftskeytamaður í Reykjavík, fæddur í Noregi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 1. febrúar 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

15
1. febr.

L Ö G

um sameining Blönduóskaupþúns í eitt hreppsfélag.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Péttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Þann hluta Blönduóskaupþúns, sem vaxið hefir upp norðan Blöndu, skal sameina Blönduóshreppi, og verði hreppamörk kaupþúnsins norðan árinna úr Ámundakinn við Blöndu eftir brekkubrúnum í Mógil, norðan Blönduósbryggju.

2. gr.

Þann hluta jarðarinnar Ennis, sem samkv. 1. gr. leggst undir Blönduóshrepp, má taka eignarnámi handa hreppnum skv. lögum nr. 61 frá 1917, ef

eigi næst samkomulag við eiganda um afhendingu landsins. Slikt eignarnám, **15** ef framkvæmt verður, haggar eigi réttindum yfir lóðum eða ræktunarlöndum 1. febr. á umræddu svæði, er stofnuð hafa verið samkv. þinglesnum samningi, né heldur rétti ábúandans á Enni til fjörubeitar að vetrarlagi í landi kaupþúns-
hlutans.

3. gr.

Blönduóshreppur tekur að sér framfærslu allra þeirra, er öðlazzt hafa og öðlast kunna framfærslurétt vegna fæðingar eða dvalar í Blönduóskaupþúni norðan Blöndu.

4. gr.

Blönduóshreppur greiðir Engihlíðarhreppi bætur eftir mati fyrir missi tekna úr Blönduóskaupþúni norðan Blöndu.

Mati þessu má skjóta til yfirmats, ef annarhvor aðilja vill ekki við það una. Hvorttveggja matið skal framkvæma, eftir því sem við verður komið, í samræmi við reglur þær, er um eignarnám gilda samkv. lögum nr. 61 frá 1917.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi jafnskjótt og þau hafa hlotið staðfestingu konungs. Menn, búsettir í Blönduóskaupþúni, norðan Blöndu, skulu þó taldir heimilisfastir í Blönduóshreppi frá 1. jan. næstk. að telja, og öðlast þeir samtímis kosningarrétt þar í sveitarstjórnarmálum, enda tekur Blönduóshreppur á sig allar skyldur gagnvart þeim mönnum, sem lögmaetu heimilisfangi fylgja.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 1. febrúar 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.